- XVII. Reikningar hafnarsjóðs og hafnsögusjóðs fyrir árið 1924 lagðir fram til úrskurðar.

Voru reikningarnir samþ. með shlj. atkv.

XVIII. Reikningar gasstöðvarinnar fyrir 1924 lagðir fram til úrskurðar og samþ. með shlj. atkv.

XIX. Reikningar rafmagnsveitunnar fyrir 1924 lagðir fram til úrskurðar og samþ. með shlj. atkv.

XX. Frumvarp til ~~reglugerðar~~ ^{reglu} um húsnæði í Reykjavík (frá Stefáni Jóh. Stefánssyni) tekið til 2. umræðu. Jafnframt var lagt fram og tekið til meðferðar frumvarp um sama efni frá borgarstjóra. Stefán Jóh. Stefánsson flutti breytingartillögur við frumvarp sitt, um að í stað 1. og 10. gr. kæmu svo hljóðandi grínir:

1. gr.

Í Reykjavík skal skipa húsnæðisnefnd 5 manna. Kýs bæjarstjórnin 4 nefndarmennina með hæutfallskosningu á fyrsta fundi sínum eftir að reglugerð þessi öðlast gildi. Oddamaðnfundarinnar skipar stjórnarráðið, og skal hann hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Hann skal vera formaður nefndarinnar og stjórna fundum hennar og framkvæmdum.

10.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. des. 1925.

Atkvgr.

Fyrri brtt. Stef. Jóh. Stef. (hý 1. gr.) felld með 8:5 atkv.

Frumvarpið þar með fallið.

Frumvarpi borgarstjóra vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Í sambandi við þetta mál var borin til atkv. x svo hljóðandi tillaga frá Ólafi Friðrikssyni:

"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra, að koma því til leiðar, að dómkirkjuklukkan verði upplýst."

Tillagan samþ. með shlj. atkv.

XXI. Útsvarsmál tekin til meðferðar.- Áheyrendur viku af fundarstað.

1. Eiríkur Leifsson.- Útsvar hans fært niður í 300 kr.
2. Sigurbór Jónsson.- Útsvar hans fært niður í 1200 kr.
3. Þorlákur Ófeigsson.- Útsvar hans fært niður í 185 kr.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.55 síðdegis.

K. Zimsen. Pétur Magnússon. Pétur Halldórsson. Þórður Sveinsson. Héóinn Valdimarsson. Stefán Jóhann Stefánsson. Ágúst Jósefsson. Hallbjörn Halldórsson. Gunnlaugur Claessen. Guðm. Ásbjörnsson. Sigurður Jónsson. Þórður Bjarnason. Jónatan Þorsteinsson. Ólafur Friðriksson. Jón Ólafsson.

Árið 1925, fimmtudaginn 19. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. - Fundurinn var settur kl. 5.12 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Pétur Magnússon (forseti), Hallbjörn Halldórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Ágúst Jósefsson, Héðinn Valdimarsson, Þórður Sveinsson, Þórður Bjarnason, Stefán Jóhann Stefánsson, Sigurður Jónsson, Jónatan Þorsteinsson og Jón Ólafsson.

Pétur Halldórsson kom rétt eftir fundarsetningu, Gunnlaugur Claessen litlu síðar, Ólafur Friðriksson kl. 5.30. Björn Ólafsson erlendis.

Áður en gengið væri til dagskrár las forseti svohljóðandi

"Gjafabréf Thorvaldsensfélagsins

til Reykjavíkurbæjar.

Thorvaldsensfélagið í Reykjavík lýsir því hérmeð yfir, að það gefur Reykjavíkurbæ á fimmtugsafmæli sínu, hinn 12. nóvember 1925, kr. 50000.00 - fimmtíu þúsund krónur - með eftirfarandi skilyrðum:

1. Reykjavíkurbær láti reisa barnahæli með öllum nauðsynlegum nýttísku útbúnaði, sem tæki að minnsta kosti 30 börn og sé byrjað á ~~hælinu~~ hælínu innan tveggja ára frá afhendingardegi framannefndrar gjafar.
2. Barnahælið beri nafnið: Barnahæli Thorvaldsensfélagsins.
3. Stjórn hælisisins skipi: Borgarstjóri Reykjavíkur sjálfkjörinn. Tveir fulltrúar kosnir af Bæjarstjórn Reykjavíkur og tveir félagskonur, kosnar af Thorvaldsensfélaginu.
4. Thorvaldsensfélagið ráði vali 5 barna í hælínu og standi straum af þeim þar.

Samþykki bæjarstjórn Reykjavíkur að þiggja gjöfina með ofangreindum skilyrðum, afhendist hún eftir næstu reikningsskil barnauppeldissjóðsins í janúar 1926.

Reykjavík, 19. nóvember 1925.

Fyrir hönd Thorvaldsensfélagsins

Stjórn Barnauppeldissjóðsins:

Sigríður H. Jensson pt. form.

Svanfríður Hjartardóttir

Margrét Th Rasmus.

Stjórn Thorvaldsensfélagsins:

María Amundason

Katrín Magnússon

Guðrún Árnason

Kristín Sigurðardóttir

Rósa Þórarinsdóttir."

Málinu vísað til fjárhagsnefndar.

Ennfremur skýrði forseti frá, að hann og borgarstjóri hefðu í nafni bæjarstjórnarinnar sent Thorvaldsensfélaginu heillaskeyti, svo hljóðandi:

"Bæjarstjórn Reykjavíkur óskar Thorvaldsensfélaginu til hamingju á hálftrar aldar afmæli félagsins og óskar að starfsemi þess megi bera heillaríkan ávöxt á komandi árum, ekki síður en á liðnum árum."

Þá var gengið til dagskrár, og gerðist þetta á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

	brnr.	Krónur:
1. Hús Hannesar Ólafssonar, nr. 2 a við Grettisgötu	1806	105404.-
2. Hús Andrésar Guðnasonar, nr. 20 við Barónsstíg	932	14308.-
3. Hús Hannesar Björnssonar, nr. 22 a við Bragagötu	1809	25315.-
4. Hús Kristínar B. Símonarson, nr. 4 við Vallarstræti	272	140294.-
5. Hús Magnhildar Andrésdóttur, nr. 3 við Týsgötu	2078	16458.-
6. Hús Jóns Jónssonar (geymsluskúr) nr. 9 við Freyjugötu	1533	875.-
7. Hús Sigurðar Guðmundssonar, nr. 10 við Freyjugötu	1595	26278.-
8. Hús Karls Ó. Bjarnasonar, við Kaplaskjólsvæg	2072	13025.-
9. Hús Ólafs Dan. Danielssonar, nr. 18 við Skólavörðustíg	1358	34810.-
10. Hús Jóhannesar Magnússonar, Viðvík við Laugarnesveg	2119	9230.-
11. Hús Guðmundar Jónssonar, nr. 53 við Bergstaðastræti	1830	35115.-
12. Hús Hannesar Einarssonar, nr. 16 við Óðinsgötu	1926	38667.-
13. Hús Sigurðar Nordals, nr. 33 við Baldursgötu	2095	50562.-
14. Hús Halldórs Eiríkssonar, Viðvík við Laugarnesveg	2121	9230.-
15. Hús Guðmundar Thoroddsens, við Fjólugötu	2115	45260.-

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. nóvember lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 17. nóvember lögð fram.

IV. Fundargerð veganefndar frá 7. nóvember lögð fram.

V. Fundargerð fátækranefndar frá 12. nóvember lögð fram. 9. liður samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð farsóttahúsnefndar frá 10. nóv. lögð fram.

VII. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 10. nóv. lögð fram.

VIII. Fundargerð hafnarnefndar frá 16. nóvember lögð fram.

1. liður samþ. með 9:1 atkv.

2. liður ~~fallur~~ fallur með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Borgarstjóri, Guðmundur Ásbjörnsson, Jón Ólafsson, Jónatan Þorsteinsson, Pétur Halldórsson, Pétur Magnússon, Sigurður Jónsson.

nei: Agúst Jósefsson, Gunnlaugur Claessen, Hallbjörn Halldórsson, Héðinn Valdimarsson, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóhann Stefánsson, Þórður Bjarnason, Þórður Sveinsson.

IX. Fundargerð skólanefndar frá 6. nóvember lögð fram.

X. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 16. nóv. lögð fram.

XI(13). Kosin niðurjöfnunarnefnd.

Hlutfallskosningin var viðhöfð, og komu fram 2 listar, er forseti merkti A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Hlutu þannig endurkosningu, án atkvæðagreiðslu:

Magnús V. Jóhannesson, af A-lista
Sigurbjörn Þorkelsson
Pétur Zóphoniásson
Páll Steingrímsson, allir 3 af B-lista.

XII (14). Framvarp til reglugerðar um húsnæði tekið til 2. umræðu.

Jónatan Þorsteinsson flutti svo hljóðandi

tillögu:

"Ég legg til, að atkvæðagreiðslu um húsnæðis-reglugerðina verði frestað þar til vissu er fengin fyrir því, að landsstjórnin samþykki hana.+ "

Ennfremur flutti Þórður Sveinsson svo hljóðandi

tillögu:

"Bæjarstjórn felur borgarstjóra, að fara þess á leit við landsstjórnina, að húsaleigulögin verði numin úr gildi nú þegar."

Þórður Bjarnason lagði til, að málinu yrði frestað og var sú tillaga samþ. með 8:4 atkv.

XIII (11). Dregið út eitt skuldabréf Laugarneslánsins, og kom upp nr. 11.

XIV (12). Af baðhúsláninu voru dregin út þessi bréf: 32, 42, 71, 84, 87.

XV. Framvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs árið 1926 lagt fram til 1. umræðu.

Framv. vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

XVI. Framvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs árið 1926 lagt fram til 1. umr.

Frv. vísað til 2. umr. með sglj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.50 síðdegis.

K.Zimsen. Pétur Magnússon. Pétur Halldórsson. Jónatan Þorsteinsson. Þórður Bjarnason. Ágúst Jósefsson. Stefán Jóhann Stefánsson. Þórður Sveinsson. Ólafur Friðriks-son. Sig. Jónsson. Halbjörn Halldórsson. Guðm. Ásbjörns-son. Héðinn Valdimarsson. Jón Ólafsson. Gunnl. Claessen.

Árið 1925, fimmtudaginn 3. desember, var reglu-
legur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var
settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá, auk borgarstjóra,
komnir þessir bæjarfulltrúar: Pétur Magnússon (forseti),
Hallbjörn Halldórsson, Pétur Halldórsson, Guðmundur Ásbjörns-
son, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Héðinn Valdimars-
son, Þórður Bjarnason, Stefán Jóhann Stefánsson og Jónatan
Þorsteinsson. - Sigurður Jónsson kom rétt eftir fundar-
setningu, Þórður Sveinsson og Jón Ólafsson litlu síðar,
Björn Ólafsson kl. 5.55, Gunnlaugur Claessen kl. 6.35

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:		
	brbnr.:	Krónur:
1. Hús h/f. Njarðar við Laugaveg	2120	50286.-
2. Hús Snæbjörns Jónssonar, nr. 7 b við Holtsgötu	2091	38088.-
3. Hús Boga Ólafssonar á Sólvöllum	2088	46010.-
4. Hús Matthíasar Eyjólfssonar, við Þrastargötu	2116	3140.-
5. Hús A. J. Johnson, Hvannakindir á Sólvöllum	2087	48126.-
6. Hús Guðmundar Þórðarsonar, nr. 39 við Vesturgötu	556	3080.-
7. Hús Hans Petersen o.fl., nr. 1 við Skólastræti	24	55266.-
8. Hús Ásgeirs Sigurðssonar, nr. 10 við Hafnarstræti	2004	274068.-
9. Hús Odds Hermannssonar, nr. 3 við Sóleyjargötu	8082	54751.-
10. Hús Kristófers Grímssonar, Sogahlið við Laugaveg	2117	12692.-
11. Hús Karls Þórhallasonar, Brekka við Laugaveg	2118	10862.-
12. Hús Sveins M. Hjartarsonar, Laugaland við Laugaveg	480	22913.-
13. Hús Garðars Gíslasonar, nr. 43 við Lindargötu	1818	18073.-
14. Hús Ólafs Ólafs, nr. 12 við Vesturgötu	233	57355.-
15. Hús Ingibjargar Gísladóttur, nr. 57 við Vesturgötu	2097	31810.-
16. Hús Guðbjargar Kristjánsdóttur, Litlasel við Vesturgötu	327	16457.-
17. Hús Magnúsar Ásmundssonar, nr. 56 við Framnesveg	2125	8632.-
18. Hús h/f Hamars við Tryggvagötu	2126	32025.-
19. Hús Jóns Erlendssonar, nr. 15 við Lokastíg	2128	24994.-
20. Hús Gests Kr. Guðmundssonar, nr. 57 við Hverfisgötu	485	38812.-
21. Hús Guðrúnar Sigurðardóttur, nr. 85 við Hverfisgötu	648	12627.-
22. Hús Ólafs Þorleifssonar, nr. 61 við Grettisgötu	980	13915.-
23. Hús Jónatans Þorsteinssonar, nr. 31 við Laugaveg	864	22842.-
24. Hús Stefáns Einarssonar, nr. 104 a við Hverfisgötu	2129	17190.-

25. Hús Einars Kristjánssonar, nr. 104 við Hverfisgötu	brbnr.: 2130	Krónur: 17230.-
26. Hús Sólmundar Jónssonar, nr. 6 við Bergþórugötu	2127	10454.-
27. Hús Sveins Jónssonar, nr. 93 við Hverfisgötu	681	26038.-

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 20. nóvember lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

Í sambandi við fundargerðina flutti Ólafur Friðriksson svo látandi tillögu (til athugunar til næsta fundar): "~~Borgarstjórnin~~ ákveður að gjalda Guðmundi Þórarinssyni Bergstaðastræti 21 B, kostnað þann, er hann hafði af því að hús hans var að ástæðulausu auglýst til nauðungaruppbóðs."

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. nóvember lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fasteignarnefndar frá 1. desember lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

V. Fundargerð fátækranefndar frá 26. nóvember lögð fram.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 1. desember lögð fram.

VII. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27. nóvember lögð fram.

1. liður samþ. með shlj. atkv.

2. liður samþ. með shlj. atkv.

Fyrri málsgrein 3. liðar samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð kjörstjórnar frá 2. desember lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

IX. Lagðar fram tvær umsóknir um meðmæki til að reka sveitaverzlun:

1. frá Kjartani Stefánssyni, dags. 15. nóv., til að reka verzlun í Eskihlíð B. Samþ. með 7:1 atkv. að mæla með beiðnu hans.

2. frá Gunnlaugi Jónssyni, Þórsstötu 8, dags. 25. nóvember, til að reka verzlun við Fálkagötu á Grímsstaðaholti. Samþ. með 8 shlj. atkv. að mæla með beiðninni.

X. Frumvarp borgarstjóra til reglugerðar um húsnæði tekið til framhalds 2. umræðu.

Útbýtt var á fundinum svo hljóðandi breytingartillögum frá Þórði Bjarnasyni:

2. gr.

Við hana bætist: Þó skal jafnan veita slíkt leyfi skilyrðislaust, ef húseigandi þarf að nota húsnæðið til eigin atvinnurekstrar.

3. gr.

Fyrsta málsgreinandi óbreytt - allar hinar málsgreinarnar falli niður.

4. og 5. gr. falli niður.

6. gr., sem verður 4. gr.

Orðin í 1. málsgrein: "og gæti hún þess, að leigan"
..... og út málsgreinina falli niður.

7. gr., sem verður 5. gr.

Á eftir orðunum "fyrir næsta leigutímabil" komi:
Komi húsnæðisnefnd og leigusali sér ekki saman um
leiguupphæðina, skal hún ákveðin af 2 óvilhöllum matsmönnum,
sem bæjarfógeti útnefni.

8. gr. sem verður 6. gr.

Niðurlagsorðin: "og skal leigan þá ákveðin af mats-
mönnum" falli niður, en í þeirra stað komi: á sama hátt
og ákveðið er í 5. gr.

7. gr., ný grein.

Kostnaður við matsgerðir, 10 kr. fyrir þriggja her-
bergja íbúð eða stærri, 6 kr. fyrir smærri íbúðir og 4 kr.
fyrir einstök herbergi, greiðist af leigusala og leigutaka
að jöfnu.

10. gr., sem verður 9. gr.

Síðari partur greinarinnar, frá orðunum, frá orðunum
"gerast eigendur" falli niður.

11. gr., sem verður 10. gr., orðist

þannig:

Brot á reglugerð þessari ræða sektum, frá 100 til
1000 krónum, ef ekki liggja nærri sektir við að lögum.
Sektir allar renna í ~~þessari~~ bæjarsjóð Reykjavíkur.
Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr., sem verður 11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1926.

Við þessar breytingartillögur Þórðar Bjarnasonar bar
borgarstjóri fram svo látandi breytingartillögur:

6. gr. eins og hún verður samkv. till. Þ. Bjarnasonar
verði niðurlag 3. gr.

7. gr.

Á eftir brtt. Þ. B. komi: Matskostnaður greiðist úr
bæjarsjóði.

Ný 7. gr. Þ. B. falli ~~niður~~ burt.

11. gr.

Brot varði sektum frá 200 til 2000 krónum.
Greinatala breytist samkv. þessu.

Atkvgr.:

1. gr. frumvarpsins felld með 11:5 atkv., að viðhöfðu
nafnakalli, og sögðu

já: Borgarstjóri, Jónatan Þorsteinsson, Pétur Magnússon,
Sigurður Jónsson, Þórður Bjarnason.

nei: Ágúst Jónsson, Björn Ólafsson, Guðmundur Ásbjörnsson,
Gunnlaugur Claessen, Hallbjörn Halldórsson,
Héðinn Valdimarsson, Jón Ólafsson, Ólafur Frið-
riksson, Pétur Halldórsson, Stefán Jóhann Stef-
ánsson, Þórður Sveinsson.

Frumvarpið þar með fallið.

Tillaga Þórðar Sveinssonar undir dagskrárlið XII (14)
síðustu fundargerð, samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafna-
kalli, og sögðu:

já: Björn Ólafsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Gunnlaugur
Claessem, Jón Ólafsson, Jónatan Þorsteinsson,

Pétur Halldórsson, Þórður Bjarnason, Þórður Sveinsson.

nei: Ágúst Jósefsson, Hallbjörn Halldórsson, Héðinn Valdimarsson, Ólafur Friðriksson, Pétur Magnússon, Stefán Jóhann Stefánsson, .

Borgarstjóri og Sigurður Jónsson greiddu ekki atkvæði.

==

XI. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1926 tekið til 2. umræðu.
Enginn tk til máls, umræðu frestað.

XII. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1926 tekið til 2. umræðu.
Umr. frestað.

I. Lestri fundargerðar og staðfestingu frestað.

Fundi slitið kl. 6.50.

K. Zimsen. Pétur Magnússon. Pétur Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson. Hallbjörn Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Héðinn Valdimarsson. Þórður Sveinsson. Gunnlaugur Claessen. Þórður Bjarnason. Stefán Jóh. Stefánsson. Sig. Jónsson. Jónatan Þorsteinsson..

II. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs árið 1926.

Tekið af dagskrá.

Fundargerðin er tekið og undirritað.

Fundi slitið kl. 1.45.

K. Zimsen. Pétur Magnússon. Pétur Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson. Jónatan Þorsteinsson. Hallbjörn Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Héðinn Valdimarsson. Gunnlaugur Claessen. Þórður Bjarnason. Stefán Jóh. Stefánsson. Sigurður Jónsson. Ólafur Friðriksson.

Árið 1925, föstudaginn 11. desember, var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Pétur Magnússon (forseti), Hallbjörn Halldórsson, Pétur Hakkdórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Ágúst Jósefsson, Héðinn Valdimarsson, Þórður Sveinsson, Gunnlaugur Claessen, Þórður Bjarnason, Stefán Jóhann Stefánsson, Sigurður Jónsson og Stefán Jónatan Þorsteinsson. - Ólafur Friðriksson kom á fund kl. 5.50. - Björn Ólafsson boðaði veikindaförföll.

Áður en gengið væri til dagskrár var fundargerð síðasta fundar lesin, staðfest og undirskrifuð.

Var svo gengið til dagskrár og tekið til meðferðar:

- I. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1926; framh. 2. umræðu.

Kl. 8.10 ákvað forseti fundarhlé til kl. 9.15.

Kl. 9.25 var fundi framhaldið. Voru þá komnir allir þeir, sem áður sátu fundinn.

Kl. 12 á miðbætti, þá er útrunnin var lögmaeltur fundartími bæjarstjórnarinnar, var samþ. með 8:1 atkv. að halda fundinum áfram.

Kl. 1.40 var umræðu lokið, og kom þá fram tillaga um að fresta atkvæðagreiðslunni til næsta fundar. Var sú tillaga samþ. með 7:5 atkv.

- II. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs árið 1926.

Tekið af dagskrá.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 1.45.

K. Zimsen. Pétur Magnússon. Pétur Halldórsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Jónatan Þorsteinsson. Hallbjörn Halldórsson. G. Claessen. Héðinn Valdimarsson. Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Þórður Bjarnason. Þórður Sveinsson. Sigurður Jónsson. Ólafur Friðriksson.

III. Fundargerð útskráningarfundar frá 10. desember 1926 framh. 2. liður samþ. með 5 hlj. atkv.

IV. Fundargerð skólanámsfundar frá 3. desember 1926 framh.

V. Fundargerð fjárhagsfundar frá 10. desember 1926 framh.

VI. Atkvæðagreiðsla um frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1926.

Tekjur:

I. - VIII. samþ. með 5 hlj. atkv.

Gjöld:

I. - III. samþ. með 5 hlj. atkv.

II. -

Tilvísun til II. frá 3. kl. svo hljóðandi:

Það er óþarfi að sýna þessum liðum til þess að

þessa betra skipulagi á skólanámsfundum nr. 5030.00

Arið 1925, fimmtudaginn 17. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.- Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, auk borgarstjóra, komnir þessir bæjarfulltrúar: Pétur Magnússon (forseti), Hallbjörn Halldórsson, Pétur Halldórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Héðinn Valdimarsson, Þórður Sveinsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Sigurður Jónsson, Jónatan Þorsteinsson og Jón Ólafsson. - Gunnlaugur Claessen og Þórður Bjarnason komu rétt eftir fundarsetningu.

Björn Ólafsson boðaði veikindaforföll.

Þetta gerðist á fundinum:

- I. Brunabótavirðingar samþykktar:
- | | brbnr.: | Krónur: |
|--|---------|----------|
| 1. Hús Hannesínu Á. Sigurðardóttur,
nr. 13 við Þórsgötu | 1558 | 31958.- |
| 2. Hús Tómasar Jónssonar,
nr. 32 við Laugaveg | 334 | 52088.- |
| 3. Hús Samúels Ólafssonar,
nr. 53 við Laugaveg | 812 | 19629.- |
| 4. Hús Ágústss Jónssonar, Laugalækur
við Laugarnesveg | 2029 | 9631.- |
| 5. Hús Samúels Kristjánssonar,
nr. 28 við Þórsgötu | 2135 | 10590.- |
| 6. Hús Ámunda Árnasonar,
nr. 41 við Lindargötu | 786 | 64409.- |
| 7. Hús Hannesar Ólafssonar,
nr. 2 a við Grettisgötu | 1806 | 122022.- |
| 8. Hús h/f Skeipnis,
Hagi b í Grímsstaðaholti | 2059 | 26177.- |
| 9. Hús h/f Alliace,
við Mýrargötu | 2137 | 112847.- |
| 10. Hús Sigurbjörns V. Jóhannessonar,
nr. 16 við Brekkustíg | 2112 | 8225.- |
| 11. Hús Guðmundar B. Kristjánssonar,
nr. 16 við Ránargötu | 2092 | 26595.- |
| 12. Hús Sigurjóns Jónssonar,
nr. 12 við Öldugötu | 2096 | 37523.- |
| 13. Hús Jóns Þórlindssonar,
nr. 8 við Freyjugötu | 1676 | 2835.- |
| 14. Hús h/f Kveldúlfs
við Tryggvagötu | 2069 | 93818.- |
- II. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. desember lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
- III. Fundargerð fátækranefndar frá 10. desember lögð fram. 2. liður samþ. með shlj. atkv.
- IV. Fundargerð skólanefndar frá 9. desember lögð fram.
- V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 10. desember lögð fram.
- VI. Atkvæðagreiðsla um frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1926.

Tekjur:

I. - VIII. samþ. með shlj. atkv.

Gjöld:

I. Kafli samþ. með shlj. atkv.

II. - samþ. - - -

Viðaukatill við II. frá G.Cl., svo hljóðandi:
Handa erlendum lögregluþjóni, til þess að koma betra skipulagi á götulögregluna kr. 8000.00

felld með 8:1 atkv.

III. 1-6 d. samþ. með shlj. atkv.

Viðaukatillaga frá við III.6 frá Ág.Jós. o.fl.:

Til almenningsalerna kr. 25.000.00

Felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,
og sögðu:

já: Agúst Jósefsson, Gunnlaugur Claessen, Hallbjörn
Halldórsson, Héðinn Valdimarsson, Ólafur Frið-
riksson, Stefán Jóhann Stefánsson.

nei: Borgarstjóri, Guðmundur Ásbjörnsson, Jón Ólafsson,
Jónatan Þorsteinsson, Pétur Halldórsson, Pétur
Magnússon, Sigurður Jónsson, Þórður Bjarnason,
Þórður Sveinsson.

III.7.-V.7.c. samþ. með shlj. atkv.

Viðaukatillaga við V. frá G.Cl.:

Vatnsbill kr. 15.000.00

felld með 7:6 atkv.

VI.-VII.4. samþ. með shlj. atkv.

Viðaukatillaga við VII.4. frá G.cl.: Við liðinn bætist:

Taxti fyrir hjúkrun samþykkist af fjárhagsnefnd,
samþ. með 7:1 atkv.

VII.5. samþ. með shlj. atkv.

Viðaukatill. við VII.5. frá G.Cl.: Við liðinn bætist:

Taxti fyrir hjúkrun samþykkist af fjárhagsnefnd,
samþ. með 10 shlj. atkv.

VII.6. samþ. með shlj. atkv.

Breytingartill. við VII.7. frá Ág.Jós. o.fl.

Fyrir "5 kr." komi: 10 kr. - og fyrir "kr. 8000.00"
komi kr. 20000.00

felld með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,
og sögðu

já: Ág.Jós., HH, HV, ÓFr, StJSt,.

nei: Borgarstjóri, GÁ, GCl, JÓ, JP, PH, PM, SJ, ÞB,
ÞSv.

Breytingartill. við VII.7. frá fjárhagsnefnd:

Fyrir "kr. 8000.00" komi: kr. 10000.00,

samþ. með shlj. atkv.

VII.7., svo breyttur, samþ. með shlj. atkv.

Breytingartill. frá Þ.B. við viðaukatillögu Ág.Jós.
o.fl. við VII.: Aftan við liðinn bætist:

Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að skipu-
lagsskrá sjóðsins verði breytt þannig, að allir verka-
menn og sjómenn í Reykjavík hafi skilyrðislaust jafn-
an rétt til styrks úr sjóðnum, enda kjósi bæjarstjórn-
in einn mann í stjórn sjóðsins,

samþ. með 8:5 atkv.

1) Viðaukatill. Ág.Jós. o.fl. við VII., svo breytt, samþ.

11:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: Borgarstjóri, Ág.Jós., G.Ás., GCl., HH, JÓ, JP,
PM, SJ, ÞB, ÞSv.

nei: PH.

HV, ÓFr, StJSt, greiddu ekki atkv.

- 1) Nýr liður á eftir VII.7.: Styrkur til styrktarsjóðs
verkamanna-og sjómannafélaganna í Reykjavík, 2 kr.
fyrir hvern hluttakan mann, allt að kr. 6.000.00.

VIII.4.-X.14. samþ. með shlj. atkv.

Breytingartill. Ág.Jós. o.fl. við X.15:

Fyrir "kr. 200000.oo" kæmi: kr. 300000.oo,
fellt með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,
og sögðu

já: Ág.Jós, HH, HV: ÓFr, StJSt.

nei: Borgarstjóri, GÁS, GVL, JÓ, JP, PH, PM, PB, ÞSv.
SJ greiddi ekki atkv.

Breytingartill. G.Cl. við X.15:

Fyrir "kr. 200000.oo" kæmi: kr. 100000.oo,
fellt með 12:2 atkv.

X.15. samþ. með 12 shlj. atkv.

XI.1.-8. samþ. með shlj. atkv.

Breytingartill. G.Cl. við XI.9, b-liðurL

Til nýrrar byggingar, fyrsta framlag ...kr. 50000.oo,
fellt með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,
og sögðu

já: Ág.Jós, GCl, HH, HV, ÓFr, StJSt.

nei: Borgarstj, GÁS, JÓ, JP, PH, PM, SJ, PB, ÞSv.

Varatill. GCl. við sama lið:

Til nýrrar byggingar, fyrsta framlag kr. 25000.oo,
fellt með 9:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli,
og sögðu:

já: Ág.Jós, GCl, HH, HV, ÓFr, StJSt.

nei: Borgarstjóri, GÁS, JÓ, JP, PH, PM, SJ, PB, ÞSv.

XI.9. samþ. með samhljóða atkv.

Viðaukatill. Ág.Jós., o.fl. við XI.9.:

I byggingarsjóð Albýubókasafnsins kr. 20000.oo,
fellt með 9:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli,
og sögðu:

já: Ág.Jós, GCl, HH, HV, ÓFr, StJSt.

nei: Borgarstjóri, GÁS, JÓ, JP, PH, PM, SJ, PB, ÞSv.

XI.10. samþ. með shlj. atkv.

Breytingartill. fjhn. við XI.11.:

Liðurinn falli burt,

samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,
og sögðu:

já: Borgarstjóri, GÁS, JÓ, JP, PH, PM, SJ, PB, ÞSv.

nei: Ág.Jós, GCl, HH, HV, ÓFr, StJSt.

Breytingartill. Ág.Jós. o.fl. við XI.11.:

a-liður: Ráðstafanir vegna húsnæðiseklu kr. 8000.oo
sjálffallin.

b-liður: Framlag til húsabygginga bæjarins kr.75000.oo

fellt með 10:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli,
og sögðu:

já: Ág.Jós, HH, HV, ÓFr, StJSt.

nei: Borgarstj, GÁS, GCl, JÓ, JP, PH, PM, SJ, PB, ÞSv.

XI.12.'17. samþ. með shlj. atkv.

Viðaukatill. G.Cl. við XI.:

Til sunnudagabíla kr. 1200.oo,

fellt með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,
og sögðu

já: Ág.Jósmfs., GCl, HH, HV, ÓFr, StJSt.

nei: Borgarstj, GÁS, JÓ, JP, PH, PM, SJ, SB.

ÞSv. greiddi ekki atkv.

Önnur viðaukatillaga GCl. við XI.:

Utanfararkostnaður borgarstjóra og bæjarfulltrúa til

þess að kynna skipulagi á stjórn erlendra borga

og starfrækslu á fyrirtækjum bæjarfélaganna kr.12000.oo

fellt með 7:1 atkv.

Viðaukatill. ÁgJós., o.fl. við XI.:

Styrkur til byggingarfélags Reykjavíkur kr.10000.00
felld með 10:5 atkv. að viðhöfðu nafna-
kalli, og sögðu

já: ÁgJós., HH, HV, ÓFr, StJSt.

nei: Borgarstj., GÁS, GCl, JÓ, JP, PH, PM, SJ, ÞB, ÞSv.

XII.1. samþ. með shlj. atkv.

Breytingartill. ÁgJós, o.fl. við XII.2:

fyrri hluti: Fyrir "kr. 2000.00" komi: kr.2500.00
felld með 8:5 atkv.

Síðari hluti: Við greinina bætist: Styrkurinn
er bundinn því skilyrði, að skólastjórnin sé
skipuð 5 mönnum og séu 2 þeirra kosnir af bæjar-
stjórninni með hlutfallskosningu-
felldur með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,
og sögðu

já: ÁgJós, HH, HV, ÓFr, StJSt.

nei: Borgarstj., GÁS, GCl, JÓ, JP, PH, PM, SJ, ÞB, ÞSv.

XII.2.-3. samþ. með shlj. atkv.

Viðaukatill. ÁgJós. o.fl. við XII.3:

Til fulltrúaráðs verkalyósfélaganna
til kvöldskóla verkamanna kr.500.00
felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafna-
kalli, og sögðu

já: ÁgJós, GCl, HH, HV, ÓFr, StJSt.

nei: Borgarstj., GÁS, JÓ, JP, PH, PM, ÞB, ÞSv.

Sj, greiddi ekki atkv.

XII.4.-5. samþ. með shlj. atkv.

Viðaukatill. G.Cl. við XII.5: Við liðinn bæt-
ist:

Verð á gistingum samþ. af fjárhagsnefnd,
samþ. með 8:5 atkv.

Breytingartill. G.Cl. Við XII.6:

fyrri hl.: Í stað "kr.4000.00" komi: kr.5000.00,
samþ. með 6:5 atkv.

Síðari hl.: Í stað: "eitt skipti" komi: tvö
skipti,-

samþ. með 8 shlj. atkv.

XII.6.-9., með áorðnum breytingum á 6., samþ. með shlj. atkv.

(Brtt. G.Cl. við XII.7: Í stað "minst" komi: eigi
sjaldnar en - samþ. án atkvfr.)

Breytingartill. G.Cl. við XII.10:

Liðurinn fellur niður -

felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,
og sögðu:

já: GCl, JÓ, ÞSv.

nei: Borgarstj., ÁgJós, GÁS, HH, HV, JP, SJ, StJSt,
ÞB.

ÓFr, PH, PM greiddu ekki atkv.

Breytingartill. H.V. o.fl. við XII.10:

Orðin "K.F.U.M." falli burtu og á eftir utanfarar
komi: og kenni hann sig eingöngu við Reykjavík eða
Ísland á ferðalaginu -

felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,
og sögðu

já: ÁgJós, HH, HV, ÓFr, StJSt.

nei: Borgarstj., GÁS, GCl, JÓ, JP, PH, PM, SJ, ÞB.
ÞSv. greiddi ekki atkv.

XII.10. felldur með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,
og sögðu

já: Borgarstj., GÁS, JP, PM, SJ, PB.

nei: ÁgJós, GCl, HH, HV, JÓ, ÓFr, StJSt, ÞSv.

PH greiddi ekki atkv.

Breytingartill. Ág.Jós. o.fl. við XII.lo: við grein-
ina bætist:

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að söng-
flokkurinn syngi úti fyrir almenning að minnsta
kosti þrisvar á sumrinu -
sjálffallin.

Viðaukatillaga StJSt. o.fl. við XII.lo: Nýr 11.
liður:

Bæjarsjóður tekur að sér ábyrgð á greiðslu tekju-
halla til Jóns Leifs við komu þýzkrar hljómsveitö
ar 40 læróra manna til Reykjavíkur næsta sumar
allt að kr. 10.000.00 -

samb. með 6:5 atkv. að viðhöfðu nafna-
kalli, og sögðu:

já: ÁgJós, HH, HV, ÓFr, StJSt, PB.

nei: Borgarstj., GÁS, JÓ, PH, SJ.

GCl, JP, PM, ÞSv greiddu ekki atkv.

XIII.-XV samb. með samhlj. atkv.

Tekjuhalli IX, með breytingu í samræmi við atkvgr. um aðra
liði, samb. með shbj. atkv.

Tekju- og gjaldaáætlun vatnsveitunnar samb. með shlj. atkv.
Breytingartill. GCl. við 2. og 3. liðjulið og 1. gjaldalið
í áætlun gasstöðvarinnar:

Fyrir "tomm" komi: smálestir -
samb. með 7:2 atkv.

Áætlun gasstöðvarinnar, svo breytt, samb. með shlj. atkv.

Áætlun rafmagnsveitunnar samb. með shlj. atkv.

Frumvarpið í heild, með áorðnum breytingum, samb. með shlj.
atkvæðum.

Í sambandi við fjárhagsáætlunina var að lokum borin
undir atkv. svo hljóðandi tillaga frá Gunnl. Claessen:

"Bæjarstjórnin felur fjárhagsnefnd, að gera
tillögu um betra samræmi í launakjörum hæst-
launuðu starfsmanna bæjarins."

Tillagan samb. með 9 shlj. atkv.

VII. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs
1926 tekið til meðferðar við framhald 2. umræðu.
Frumvarpið í heild samb. með shlj. atkv.

VIII. Samb. var með samhlj. atkv. að taka á dagskrá:

Fundargerð kjörstjórnar við borgarstjórakos-
ningu frá fundi 15. desember.

Í sambandi við 2. lið fundargerðarinnar flutti
borgarstjóri svo hljóðandi tillögu:

"EF til þess kemur, að kosning
borgarstjóra fari fram, heimilar bæj-
arstjórnin fyrir sitt leyti, að kosning-
in fari fram í barnaskólanum laugar-
daginn 30. janúar 1926."

- Tillagan samþ. með -llum gr. atkv. gegn 2.
3. liður fundargerðarinnar samþ. með shlj. atkv.

IX.(8). Útsvarsmál tekin til meðferðar.

Tillaga um að ræða þau og úrskurða fyrir luktum dyrum samþ. með 8:3 atkv. Viku áheyrendur af fundarstað.

1. Samþ. till gur fjárhagsnefndar um, að útsvör erlendra váttryggingarfélaganna skuli reikna sem $\frac{1}{2}$ - í ár $1\frac{1}{2}$ % - af íslenskri brúttópremiu og $\frac{1}{2}$ - 10 % í ár - af nettóarði, reiknuðum með sama hætti sem sjattskyldar tekjur til ríkissjóðs. Á líftryggingarfélag verði þó ~~æðins~~ í ár aðeins lagður 1% af ísl. brúttópremiu, en sama, þ. e. 10%, af arði.
2. Samþykkt að útsvar h/f Belgum skuli óbreytt standa.
3. Samþ. að færa útsvar h/f Grötta niður í 13000 kr.
4. Útsvar Fr. Sanchez fært niður í 350 kr.

Lestri fundargerðar og staðfestingu frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 7.15 síðdegis.

K.Zimsen. Pétur Magnússon. Pétur Halldórsson. Hallbjörn Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson. Þórður Bjarnason. Sigurður Jónsson. Guðm. Ásbjörnsson. Héðinn Valdimarsson. Þórður Sveinsson. Gunnl. Claessen. Stefán Jóh. Stefánsson. Jónatan Þorsteinsson.

Árið 1925, þriðjudaginn 29. desember, var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni til þess að leggja úrskurð á kærnu út af framboði við bæjarstjórnarkosningu borgarstjórakosningu. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá auk borgarstjóra, komnir þessir bæjarfulltrúar: Pétur Magnússon (forseti), Hallbjörn Halldórsson, Pétur Halldórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Héðinn Valdimarsson, Þórður Sveinsson, Gunnlaugur Claessen, Þórður Bjarnason, Stefán Jóhann Stefánsson, Sigurður Jónsson og Jónatan Þorsteinsson. Björn Ólafsson veikir.

Áður en gengið væri til dagskrár var fundargerð síðasta fundar lesin, staðfest og undirskrifuð.

Þá var gengið til dagskrár. Eftir nokkrar umræður komu fram svo hljóðandi tillögur:

1. Frá Sigurði Jónssyni:

"Bæjarstjórn Reykjavíkur telur það vafalaust, að síra Ingimar Jónsson á Mosfelli skorti kjörgengisskilyrði til borgarstjórastöðunnar í Reykjavík. . Ályktar bæjarstjórnin þess vegna, að borgarstjórakosningin 30. jan. 1926 skuli ekki fara fram, en kjörstjórninni beri að veita kjörbréf eina löglega frambjóðandanum, Knud Zimsenborgarstjóra."

2. Frá Stefáni Jóhanni Stefánssyni:

"Þar sem bæjarstjórnin telur sig enga heimild hafa til þess að gefa neinum frambjóðanda til borgarstjórastöðunnar kjörbréf, og að hún hvorki þurfi né eigi að úrskurða um kjörgengi frambjóðanda, fyrir en kært hefir verið að kosningu afstaðinni, þá telur bæjarstjórnin ekki rétt að taka neina ákvörðun um framkomna kærnu."

Eftir kröfu Ólafs Friðrikssonar, var borið undir atkvæði, hvora tillöguna fyrr skyldi upp bera. Lagði hann til, að tillaga Stefáns Jóhanns Stefánssonar yrði fyrir upp borin. Var það felld með 5:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Ágúst Jósefsson, Hallbjörn Halldórsson, Héðinn Valdimarsson, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóhann Stefánsson.
nei: Guðmundur Ásbjörnsson, Jónatan Þorsteinsson, Sigurður Jónsson, Þórður Bjarnason, Þórður Sveinsson.

Borgarstjóri, Gunnlaugur Claessen, Pétur Halldórsson, Pétur Magnússon greiddu ekki atkv.

Tillaga Sigurðar Jónssonar samþ. með 6:5 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Guðmundur Ásbjörnsson, Gunnlaugur Claessen, Jónatan Þorsteinsson, Sigurður Jónsson, Þórður Bjarnason, Þórður Sveinsson.
nei: Ágúst Jósefsson, Hallbjörn Halldórsson, Héðinn Valdimarsson, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóhann Stefánsson. Borgarstjóri, Pétur Halldórsson, Pétur Magnússon greiddu ekki atkv.

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar kom ekki til atkvæða. Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.50.

K.Zimsen. Pétur Magnússon. Hallbjörn Halldórsson. Pétur Halldórsson. Þórður Bjarnason. Ólafur Friðriksson. Gunnlaugur Claessen. Guðm. Ásbjörnsson. Þórður Sveinsson. Sig. Jónsson. Ágúst Jósefsson.

A Æ T L U N
UM TEKJUR OG GJÖLD BÆJARSJÓDS REYKJAVÍKUR ARIÐ 1926.

Tekjur:		
I.	Eftirstöðvar frá fyrra ári	kr.200.000.00
II.	Fasteignagjald:	
	1.Húsagjald	kr.230000.00
	2.Lóðagjald	- 62000.00 292.000.00
III.	Tekjur af fasteignum kaupstaðarins.	
	1.Afgjald af jörðum	kr. 7000.00
	2.Leiga af erfðafestulöndum	- 13000.00
	3.Leiga af húsum, túnunum og höfðum	- 80000.00
	4.Hagatollur	- 1000.00
	5.Gjald fyrir ístöku á tjörninni (1 króna fyrir hvern teningsmet)	- 3000.00 kr.104.000.-
IV.	Sala á fasteignum:	
	1.Tekjur af lóðasölu	kr. 5000.00
	2.Tekjur af seldum erfðafestulöndum	2000.00 - 7000.-
V.	Tekjur af ýmiskonar starfrækslu:	
	1.Hesthús	kr. 25000.00
	2.Bifreiðar	- 20000.00
	3.Endurgreidd vinnulaun o.fl.	- 5000.00
	4.Grjótnám	- 50000.00
	5.Sandtaka	- 20000.00
	6.Efnissala	- 8000.00 - 128.000.-
VI.	Endurgreiddur fátækrastyrkur:	
	1.Frá innansveitarmönnum:	
	Framfærslustyrkur	kr.2000.00
	Meðlög frá barnsfeðrum	1000.- kr. 3000.00
	2.Fyrir utansveitarmenn:	
	a.Framfærslustyrkur	kr.45000.-
	b.Meðlög frá barnsfeðr	- 18000.- kr, 63000.-
	3. Útfararkostnaður	- 1000.-
	4. Lögflutningskostnaður	- 500.- 67.500.-
VII.	Endurgreiddur sjúkrastyrkur o.fl.	
	1. Frá öðrum sveitum:	
	a. Berklavarnakostnaður	32000.00
	b. Sjúkraháskostnaður	kr.10000.- 42000.-
	2. Endurgreidd dýrtíðarlán	- 100.-
	3. Endurgreiðsla frá ríkissjóði vegna berklavarna 1925	5500.- 47.600.-
VIII.	Ýmsar tekjur:	
	1. Tekjur eftir byggingarsamþykkt	kr. 1500.-
	2. Skólagjöld	- 3000.-
	3. Hundaskattur	- 50.-
	4. Gjald fyrir benzingeyma	- 400.-
	5. Subdkennslustyrkur úr ríkiss	- 300.-
	6. Styrkurúr ríkissjóði til spítalahalds	- 5000.-
	7. Tekjur af baðhúsi	- 13500.-
	8. Óvissar tekjur	- 10000.- 33.750.-
IX.	Útsvör:	
	1. Niðurjöfnun eftir eignum og ástæðum auk 5-10% umfram	- 1509229.20
	2. Skattar samvinnufélaga og annara samkv. sérstökum lögum	- 20000.00 -1529.229.-

		G j ö l d:		
I.	Stjórn kaupstaðarins:			
	1. Kostnaður við bæjarstjórn, nefndir		kr. 30000.-	
	2. Skrifstofa borgarstjóra:		-	
	a. Laun borgarstjóra 8000			
	+ d. 3030	kr. 11030.-		
	b. Laun starfsmanna -	19200.-		
	c. Ýmisleg gjöld -	2800.-		
	3. Skrifstofa bæjargjaldkera:		33030.-	
	a. Laun bæjargjaldkera			
	4500 + d. 3030	- 7530.-		
	b. Laun starfsmanna -	10000.-		
	c. Mistalningsfé -	1000.-		
	d. Kostnaður við innheimtu			
	og önnur gjöld -	20000.-		
	4. Skrifstofa bæjarverkfræðings		38530.-	
	og lóðarskrárritara:			
	a. Laun bæjarverkfræðings			
	og lóðarskrárritara	9000.-		
	b. Laun byggingafulltrúa			
	2900 + d 1953	kr. 4853.-		
	c. Aðstoð við skrásetning			
	lóða, mælingar o.fl.	12000.-		
	d. Ýmisleg gjöld	2000.-		
	5. Ræsting, hiti og ljós á		27853.-	
	skrifstofum bæjarins		6000.-	
	6. Talsímar á skridstofum bæjarins		900.-	136313.-
II.	Löggæzla:			
	1. Laun yfirlögglubjóns			
	3400 + 2290	kr. 5690.-		
	2. Laun 14 lögreglubjóna	62834.-	kr. 68524.-	
	3. Fatnaður handa köreglubjón	-	7000.-	
	4. Ýms gjöld lögreglunnar	-	10000.-	85524.-
III.	Heilbrigðisráðstafanir:			
	1. Laun heilbrigðisfulltrúa 3200			
	+ d. 2155	kr. 5355.-		
	2. Laun 3 ljósmæðra 3000+d.2020	-	5020.-	
	3. Farsóttahús	-	20000.-	
	4. Frakkneski spítalinn	-	3000.-	
	5. Sjúkrabifreið	-	2000.-	
	6. Baðhúsið:			
	a. Kaup starfsfólks	5000.-		
	b. Hiti og ljós	4500.-		
	c. Sápa ræsting og þv	2700.-		
	d. Ýms gjöld	1000.-	kr. 13200.-	
	7. Til þrífnaðar, snjómokstur o.fl.	-	40000.-	
	8. Salernahreinsun	-	28000.-	
	Sorphreinsun	-	50000.-	
	10. Kostnaður við hunda	-	200.-	
	11. Rottueitrun	-	7000.-	
	12. Ýmisleg gjöld	-	1000.-	kr. 174775.-
IV.	Fasteignir:			
	1. Viðhald og endurbætur	kr. 65000.-		
	2. Varsla kaupstaðarlandsins	-	1000.-	
	3. Skattar og gjöld af fasteignum	-	15000.-	
	4. Ræktun	-	10000.-	91000.-
V.				
		Flyt	kr. 587606.-	

V.	Ymiskonar starfræksla:	Flutt	kr.587606.-
	1. Hesthús	kr.	25000.-
	2. Bifreiðar	-	20000.-
	3. Vinna fyrir húseigendur o.fl.	-	5000.-
	4. Grjótnám	-	60000.-
	5. Sandtaka	-	20000.-
	6. Efniskaup	-	8000.-
	7. Til áhalda:		
	a. Grjótnám með umbúnaði	kr.22000.-	
	b. Umbúnaður til malbikunar	-	5000.-
	c. Önnur áhöld og viðgerðir	-	5000.-
			<u>32000.-</u> 170000.-

VI.	Fátækraframfæri:		
	1. Til innansveitarmanna:		
	a. Ómagar yngri en 16 ára	Kr.	7000.-
	b. Þurfamenn eldri en 16 ára	-	260000.-
	Bæjarstjórnin leggur áherzlu á, að vinnufærum styrkþurfum verði veitt vinna í stað sveitarstyrks.		
	c. Meðlög barnsfeðra með óskilgetnum börnum	-	16000.-
	d. Fátækralæknað	-	1800.-
	e. Útfararkostnaður	-	6000.-
	f. Fátækramötuneytið	-	2000.-
	g. Önnur gjöld	-	5000.-
			<u>kr.297800.-</u>
	2. Til þurfamanna annara sveita:		
	a. Ótlagður styrkur	kr.	60000.-
	b. Meðlög barnsfeðra með óskilgetnum börnum	kr.	18000.-
	c. Lögflutningur	-	1000
			<u>kr. 79000.-</u> <u>kr. 376800.-</u>

VII.	Sjúkrastyrkur o.fl..		
	1. Berklaveikisvarnir:		
	a. Til innansveitarmanna	30000.-	
	b. - utansveitarmanna	<u>kr.50000.-</u>	kr. 80000.-
	2. Sjúkrahúskostnaður:		
	a. Til innansveitarmanna	kr.25000.-	
	b. Til utansveitarmanna	<u>10000.-</u>	kr. 35000.-
	3. Styrkur til elliheimilisins Grund	-	4000.-
	4. Styrkur til hjúkrunarfélags Reykjavíkur	-	1200.-
	Taxti fyrir hjúkrun samþykkist af fjárhagsnefnd.		
	5. Styrkur til hjúkrunarfél. "Líkn"	-	4000.-
	Taxti fyrir hjúkrun samþykkist af fjárhagsnefnd.		
	6. Styrkur til berklaveikisstöðvar Líknar	-	4000.-
	7. Styrkur til sjúkrasamlags Reykjavíkur 5 kr. fyrir hvern hluttækan félagsmann allt að	-	<u>10000.-</u>

Flyt kr. 138200.-kr.1134400.-

8. Styrkur til styrktarsjóð verka- Flutt kr.138200.- Kr.1134400.-
 manna og sjómannafélaganna
 í Reykjavík, 2 kr. fyrir hvern
 hluttakan mann allt að kr. 6000.- kr. 144200.-

Styrkurinn er því skylyrði
 bundinn að skipulagsskrá sjóð-
 sins verði breytt þannig, að allir
 verkamenn og sjómenn í Reykja-
 vík hafi skilyrðalaust
 jafnan rétt til styrks úr sjóð-
 um, enda kjósi bæjarstjórnin
 einn mann í stjórn sjóðsins.

VIII. Til gatna:

1. Götulýsing kr. 30000.-
2. Viðhald gatna og rísa - 70000.-
3. Malbikun á Tryggvagötu frá Gróf-
 inni að Pósthússtræti frá
 Tryggvagötu að Austurstræti, auk
 20000 tillagi frá hafnarsjóði- 47000.-
4. Barónsstígur eða Hringbraut milli
 Laugavegs og Hverfisgötu - 130000.-
5. Ný holræsi:
 - a. Í Hafnarstræti að Pósthússtr.-
 kr.11000.-
 - b. Á Sólvellum auk
 1500 kr. framlags
 frá lóðareigendum- 8000.-
 - c. Í Laufásveg að
 að Kennaraskóla - 7000.- 26000.- kr.186000.-

IX. Ráðstafanir til tryggingar gegn eldsvoða:

1. Laun slökkviliðsstjóra
 varaslökkviliðsstjóra
 og varðliðs kr. 36000.-
2. Laun aðalslökkviliðsins - 8000.-
3. Viðhald slökkvitóla - 5000.-
4. Fatnaður varðliðs - 2300.-
5. Sóthreinsun og eldfæraeftirlit - 2300.-
6. Ýms gjöld - 4000.- kr.78300.-

X. Barnaskólinn:

1. Laun kennara kr. 68000.-
2. ~~Heilbrigðisliðsstjóra~~ Heilbrigðiseftirlit og tann-
 lækningar - 7500.-
3. Starfræksla baðhúss - 2500.-
4. Hiti og ljós - 10000.-
5. Laun dyravarðar 2467+d.1661 - 4128.-
6. Ræsting - 6500.-
7. Skólaeldhús - 2500.-
8. Til áhaldakaupa - 2000.-
9. Bókasafn kennara - 500.-
10. Matgjafir - 4500.-
11. Viðhald á húsi og lóð - 7500.-
12. Kennsluhúsrúm utan skólans - 6000.-
13. Til sumarskóla - 600.-
14. Ýms gjöld - 5000.-
15. Til býs barnaskóla - 200000.- kr.327228.-

Flyt kr.1870928.-

Flutt kr.1870928.-

XI. Ýmisleg útgjöld:

1. Eftirlaun og ellistyrkur	kr. 8000.-	
2. Slysatrygging	- 10000.-	
3. Manntalskostnaður	- 4000.-	
4. Leikvellir handa börnum	- 3000.-	
5. Skenmtigarðar	- 15000.-	
6. Viðhald og umsjón í þvottalaugunum	4000.-	
7. Viðhald á sundlauginni og sundkennsla	- 5000.-	
8. Kostnaður við verkamannaskyli	- 6000.-	
9. Til alþýðubókasafns	- 17000.-	
10. Bjargráðagjald	- 5300.-	
11. Risna	- 1800.-	
12. Til skógræktar við Tjörnina	- 300.-	
13. Skautasvell fyrir almenning	- 1000.-	
14. Skipulag bæjarins	- 2000.-	
15. Saga Reykjavíkur	- 5000.-	
16. Óviss útgjöld	- 3000.-	kr. 117400.-

XII. Ýmsir styrkir:

1. Til kvennskóla Reykjavíkur	kr. 500.-	
2. Til Iðnskólans	- 2000.-	
3. Til lesstofu handa börnum	- 1000.-	
4. Til skólans í Bergstaðastræti 3	2500.-	
5. Til Hjálpræðishersins til að halda uppi gistihúsi	- 1000.-	
6. Til Leikfélags Reykjavíkur	- 5000.-	
Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að aðgöngumiðar að hverjum sjón- leik verði að minnsta kosti í tvö skipti seldir við hálfu verði.		
7. Til Lúðrasveitar Reykjavíkur, gegn því að sveitin leiki úti fyrir almenning, eigi sjáldn- ar en 15 sinnum á árinu	kr. 3000.-	
8. Til Páls Ísólssonar til efling- ar hljómlistalífs í bænum	- 5000.-	
9. Til hljómsveitar Reykjavíkur	- 2000.-	
10. Bæjarsjóður tekur að sér ábyrgð á htriðslu tekjuhalla Jóns Leifs við komu þýskrar hljólm- sveitar 40 lúðra manna til Reykjavíkur næsta sumar, all að	<u>10000.-</u>	kr. 32000.-

XIII. Lán:

1. Afborganir af lánum	kr.115000.-	
2. Vextir af lánum	- 90000.-	- 205000.-

Samtals kr.2409079.20

V A T N S V E I T A N :

Tekjur:

1. Vatnsskattur	kr.115000.-
2. Vatnssala til skipa	- 25000.-
3. Vextir af inneign	- 5000.-
	<u>Kr.145000.-</u>

Gjöld:

1. Afborganir af lánum	kr. 25000.-
2. Vextir af lánum	- 36500.-
3. Gengismunur	- 9000.-
4. Innheimta og reikningshald	- 5000.-
5. Reksturskostnaður	- 18000.-
6. Aukning innanbæjar	- 45000.-
7. Tekjuafgangur	- 6500.-
	<u>Kr.145000.-</u>

G A S S T Ö D I B :

Tekjur:

1. Selt gas 360000 teningsmetrar á 40 a	kr.144000.-
2. Koks 480 smál. á 45.- að frádregnum kostn.	- 21600.-
3. Tjara 48 smálestir á 120.00	- 5760.-
4. Gasmælaleiga	- 5000.-
	<u>Kr.176360.-</u>

Gjöld:

1. Kol 1200 smálestir á 43.00	kr. 51600.-
2. Laun gasstöðvarstjóra 4100+d.2760	- 6860.-
3. Kaup starfsfólks	- 28000.-
4. viðgerðir og nýjar leiðslur	- 30000.-
5. Innlagningar	- 3500.-
6. Hreinsiefni	- 1500.-
7. Vátrygging	- 1500.-
8. Skattar af fasteign	- 1500.-
9. Gasnotkun í stöinni og íbúðarhúsinu	- 1000.-
10. Ýmiskonar kostnaður	- 2500.-
11. Vextir af lánum	- 24000.-
12. Afborgun af lánum	- 18000.-
13. Tekjuafgangur	- 6340.-
	<u>Kr.176360.-</u>

R A F M A G N S V E I T A N :

Tekjur:

1. Til ljósa um mæli 400000 kwst. á 0.65	kr.240000.-
2. Til suðu og hitunar um mæli 240000 kwst. á meðalverð 0.17	- 37400.-
3. Til véla um mæli 300000 kwst. á meðalv 0.20	60000.-
4. Til ljósa, suðu og hitunar um hemil 400 kwst. á 600kr. árskw.	- 240000.-
5. Sumarrafmagn 200000 kwst. á 0.12	- 24000.-
6. Fyrir götulýsingu	- 30000.-
7. Heimtaugagjöld	- 26000.-
8. Mælaleiga	- 15000.-
9. Ýmsar tekjur	- 5600.-
	<u>Kr.698000.-</u>

		Gjöld:	
1.	Laun rafmagnsstjóra		kr. 8000.-
2.	Skrifstofa:		
	a. Laun:		
	Bókari	kr. 6826.-	
	Aðstoð	- 10000.-	
	Innheimta	- 19000.-	kr. 35526.-
	b. Skrifstofukostnaður:		
	Húsaleiga	kr. 6000.-	
	Önnur útgjöld	- 6000.-	<u>12000.-</u> kr. 47526.-
3.	Stöðvarkostnaður:		
	a. Laun starfsmanna:	kr. 21084.-	
	4 vélaverðir	kr. 21084.-	
	Kraphreinsun og önnur aðstoð	- 7000.-	kr. 28084.-
	b. Reksturskostnaður	- 8000.-	<u>36084.-</u>
4.	Gæsla taugakerfisins:		
	a. Laun starfsmanna	kr. 10000.-	
	b. Reksturskostnaður	- 10000.-	kr. 20000.-
5.	Mælaeftirlit:		
	a. Laun starfsmanna	kr. 6526.-	
	b. Reksturskostnaður	- 10000.-	<u>kr. 16526.-</u> kr. 36526.-
6.	Viðhald:		
	a. Stöðin og árnar	kr. 14000.-	
	b. Taugakerfið	- 36000.-	50000.-
7.	Vextir:		
	a. Vextir af skuldum	kr. 180000.-	
	b. Vatns- og veiðiréttindi	- 5000.-	185000.-
8.	Gengismunur		kr. 35000.-
9.	Vátryggingar og fasteignagjöld		- 5000.-
10.	Viðbætur:		
	a. Nýjar heimtaugar	kr. 10000.-	
	b. Nýir mælar	- 10000.-	
	c. Aukning spennistöðva og taugakerfis	- 40000.-	
	d. Hækkun stíflu og upphitun á ristum	- 25000.-	kr. 85000.-
	Afborgun af lánum:		
	a. Skuldabréfum	kr. 100000.-	
	b. Skuld við bæjarsjóð	- 100000.-	200000.-
12.	Óviss útgjöld		<u>- 9834.-</u> <u>Kr. 698000.-</u>

Pannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar
17. desember 1925.

Borgarstjórinn í Reykjavík 18. desember 1925.

Faint, illegible text visible on the left edge of the page, likely bleed-through from the reverse side.

